

Ed.

446. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1922 (Skemmtanaskattur).

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Mjög hefir dregið afgreiðsla á frv. þessu. Stafar drátturinn meðal annars af því, að frv. var sent til umsagnar fjármálaráðuneytisins laust eftir miðjan síðastl. mánuð, en svar hefir enn ekki komið.

Líður nú mjög að þingslitum, og þykir mér illa farið, að ekkert álit komi fram frá nefndarinnar hálfu um frv., sem að mínum dómi felur í sér sanngjarnlega ósk um eftirgjöf á gjaldi, er hinn fátæki ungmennafélagsskapur vor má tæplega við að greiða. Ég lít einnig svo á, að styrkja beri sérhverja heiðarlega viðleitni til eflingar menningu og íþróttum þjóðarinnar, en ungmennafélögin hafa það á stefnuskrá sinni, svo sem vitað er.

Um sameiginlega afgreiðslu málsins frá nefndarinnar hálfu verður tæplega að vænta úr þessu, en mitt álit er, að rétt sé að samþ. frv., og legg ég til, að svo verði gert.

Alþingi, 16. des. 1937.

Guðrún Lárusdóttir.